

✉ Re: Fw: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar friðlýsingar Varmárósa - NÍ

Búið til	3.2.2021 09:27:54
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	3.2.2021 09:27:52
Tilheyrir	📁 202101-0054 - Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar friðlýsingar Varmárósa - NÍ

Efni

Re: Fw: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar friðlýsingar Varmárósa - NÍ

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.2.2021 09:27:52	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NÍ (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	hildurv@umhverfisstofnun.is

Innihald

Mál: 202101-0054 RT/KHS

Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar friðlýsingar Varmárósa

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. frá 19. janúar, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að endurskoðun friðlýsingar Varmárósa í Mosfellsbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir

Breyta þarf texta í 2. gr. *Markmið friðlýsingarinnar* eftirfarandi:

[...] Einnig er markmið með friðlýsingunni að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og þær vistgerðir votlendis, strandlendis og fjöruvistgerða sem er að finna á svæðinu. [...]

Þá vill Náttúrufræðistofnun benda á að Varmárós er hluti af svæðinu Blikastaðakró - Leiruvogur sem er mikilvægt fuglasvæði sem stofnunin gerði tillögu um sem verndarsvæði á B-hluta náttúruminjaskrá 2018 (sjá <https://www.ni.is/greinar/sv-blikastadakro-leiruvogur>). Á svæðinu er mikið um sendling og svæðið er m.a. nýtt af margæs sem heldur til á fitjunum og raunar miklu víðar (sjá <https://www.ni.is/node/16106>).

Náttúrufræðistofnun Íslands telur Blikastaðakró – Leiruvogur vera mikilvægt alþjóðlegt fuglasvæði sem þörf er að vernda, en Varmárós er aðeins lítill hluti af því svæði. Til að tryggja vernd fugla, vistgerða votlendis, strandlendis og fjöruvistgerða, þarf friðlýsta svæðið að vera mun stærra.

Bestu kveðjur,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Hildur Vésteinsdóttir" <hildurv@umhverfisstofnun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Fw: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar friðlýsingar Varmárósa - NÍ

Date: 19.1.2021 14:06:01

Góðan daginn,

meðfylgjandi bréf var sent stofnuninni þann 9. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stækkun friðlandsins Varmárósa. Frestur til að skila umsögn var til og með 15. janúar sl.

Mig langaði til að kanna hvort að von væri á umsögn frá stofnuninni um tillöguna og ef svo er þá hvenær við megum eiga von á henni.

Bestu kveðjur, Best regards

Hildur Vésteinsdóttir

Sviðsstjóri, Director

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Forwarded by Hildur Vésteinsdóttir on 19.1.2021 13:58:49

From: ust@ust.is
To: "ni@ni.isi" <ni@ni.isi>
CC:
Subject: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar friðlýsingar Varmárósa - Ní
Date: 9.10.2020 11:01:51

Tilvísun UST202003-369

Góðan dag,

Meðfylgjandi bréf er einungis sent rafrænt. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa tölvupósts.

Bestu kveðjur, Best regards

Ýr Gísladóttir
Sérhæfður ritari, Secretary

Svið þjónustu og fjármála - Department of Service and Finance



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (4 KB)

image001.png (3 KB)
